


Nr.: STL-034	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 21.10.2014		
Höfundur: SHJ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 2	<b>Viðburðastjóri</b>	


<b>Svið/deild:</b>	<b>Stoðdeild</b>	<b>Starfshlutfall: 50%</b> Vinnan fer fram á óreglulegum tíma innan vinnuvikunnar samkvæmt samkomulagi við skólameistara.
<b>Næsti yfirmaður (starfsheiti):</b>	<b>Skólameistari</b>	
<b>Undirmenn (starfsheiti):</b>		

<b>Markmið starfs:</b>	Er tengiliður milli nemenda og skólayfirvalda í málefnum sem varða félagslíf nemenda. Hann er nemendum til leiðbeiningar og ráðgjafar um félagslíf og skipulag þess á hverju skólaári. Hann situr fundi nemendafélagsins Þórdunu.
------------------------	---

	<b>Ábyrgðarsvið</b>
1.	Umsjón með skipulagningu félagslífs nemenda í samvinnu við Þórdunu nemendafélag VMA. Helstu viðburðir sem hér um ræðir eru Nýnemahátíð, viðburðir í Gryfju í frímínútum, skemmti- og/eða klúbbakvöld, Opnir dagar, árshátíð, söngkeppni, útskriftarhátíð (dimmison) og íþróttaviðburðir.
2.	Er nemendum til leiðbeiningar og ráðgjafar um félagslíf.
3.	Umsjón með viðburðum sem klúbbar nemendafélagsins standa fyrir s.s. leiksýningar, útvarpsútsendingar, útgáfa á skólalblaði eða myndböndum sem gerð eru í nafni nemendafélagsins.
4.	Sér til þess að nemendaráð vinni fjárhagsáætlun og fylgist með að rekstur þess og félaga og deilda innan ráðsins sé innan marka fjárhagsheimilda og að lögbundið bókhald sé fært.
5.	Umsjón með því að nemendafélagið sækir um leyfi til skólayfirvalda eða annarra vegna viðburða.
6.	Miðlar upplýsingum um félagslíf nemenda til kennara og annarra starfsmanna.
7.	Ber ábyrgð á að upplýsingar um viðburðastjóra, félagsmál nemenda og nemendafélagið séu réttar á heimasíðu VMA.
8.	Ber ábyrgð á að uppfæra eigin ferilskrá með því að afhenda viðeigandi gögn til starfsmannahalds jafnharðan. (Menntun, námskeið, o.fl.)
9.	Ber ábyrgð á að verkefni sem undir hann falla séu unnin samviskusamlega og innan settra tímamarka þannig að skólinn geti hverju sinni veitt viðskiptavinum sínum innan og utan hans sem besta þjónustu.

#### **Kröfur um hæfni (þekking, færni, eiginleikar)**

Menntun og/eða reynsla á sviði viðburðastjórnunar, tónlistar og/eða leiklistar er æskileg og umfram allt þarf viðkomandi að eiga gott með að starfa með ungu fólki. Kennsluréttindi á framhaldsskólastigi eru kostur.

Nr.: STL-034	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 21.10.2014		
Höfundur: SHJ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>Viðburðastjóri</b>	

	<b>Helstu verkefni</b>
1.	Tekur þátt í gerð markmiðs-, rekstrar- og fjárfestingaráætlana með Þórdunu, nemendafélagi Verkmenntaskólans á Akureyri, og ber ábyrgð á að þeim verði framfylgt.
2.	Situr fundi með stjórn nemendafélagsins Þórdunu.
3.	Tekur þátt í og aðstoðar við skipulagningu allra þeirra viðburða sem nemendafélagið og deildir/klúbbar innan þess standa fyrir.
4.	Er í samstarfi við stjórnendur og kennara skólans í tengslum við viðburði nemendafélagsins. Sér um að húsumsjón sé upplýst tímanlega um viðburði.
5.	Kynnir fyrir kennurum og öðru starfsfólki samkomuhald og skemmtanir sem nemendur standa fyrir í skólanum.
6.	Er í samstarfi við forvarnafulltrúa og vinnur með honum að forvörnum innan skólans.
7.	Er til staðar og við gæslu á skóladansleikjum, kvöldvökum og sambærilegum samkomum sem nemendur standa fyrir.
8.	Tekur þátt í kynningardegi fyrir grunnskólanemendur og kynningu fyrir nýnema og foreldra þeirra.
9.	Er fararstjóri í menningarferðum og ferðalögum sem nemendur standa fyrir ef þess er kostur.
10.	Leiðbeinir brautskráningarnemum í sambandi við dimmiteringu og dagskrá dimmiteringardags sem fram fer á vegum skólans.
11.	Skilar mánaðarlega vinnuskýrslu til skrifstofu- og fjármálastjóra.
12.	Kemur upplýsingum um félagslíf nemendafélagsins og skipulag þess til nýrrar stjórnar nemendafélagsins á hverju hausti.

<b>Tengsl</b>	
Daglega	Nemendur og starfsfólk Verkmenntaskólans á Akureyri.
Sjaldnar	Fjölmíðlar (í samráði við skólameistara), erlendir og innlendir tengiliðir.

<b>Starfstími</b>	15. ágúst – 31. maí – óreglulegur innan ársins. Vinnutími er óreglulegur og fer að mestu fram seinnipart dags og á kvöldin.
<b>Ráðningartími</b>	Ótímabundinn.